

Reykjavík 10. janúar 2014

Efni: Áminning og tilmæli um úrbætur. Boðun endurtekens eftirlits.

Með bréfi endurskoðendaráðs dags. 9. september s.l. voruð þér upplýstur um að ráðið telji að alvarlegar athugasemdir hafi komið fram í skýrslu um niðurstöðu gæðaeftirlits 2012, sem þér sættuð. Með bréfinu var yður gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum áður en endurskoðendaráð fjallaði frekar um málið og tæki ákvörðun um framhald þess.

Í andmælabréfi yðar dags. 15. október 2013 kemur meðal annars fram að þér teljið að ekki sé heimild fyrir því í lögum um endurskoðendur að gæðaeftirlit fari fram í samræmi við alþjóðlega gæðaeftirlitsstaðla.

Í 15. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 segir að hlutverk endurskoðendaráðs sé að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taki til starfa endurskoðenda. Tekið er fram að endurskoðendaráð skuli sérstaklega fylgjast með því að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja fari fram.

Endurskoðendaráð telur þá ótvíræða lagaskyldu hvíla á endurskoðendum að starfa samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Bendir ráðið á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 79/2008 skal endurskoðandi rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt. Í bráðabirgðaákvæði II við lögin segir að þar til alþjóðlegir staðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt skuli endurskoðun skv. 9. gr. fara eftir góðri endurskoðunarvenju, en með góðri endurskoðunarvenju sé átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) sem gefnar eru út af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC), sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Ennfremur hefur að mati ráðsins góð endurskoðunarvenja verið mynduð hér á landi á vettvangi Félags löggiltra endurskoðenda sem hefur með faglegu starfi undanfarin ár og áratugi, m.a. með útgáfu gæðahandbókar, mótað þá stefnu að góð endurskoðunarvenja felist í því að endurskoðað sé eftir alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðendaráð bendir á að í þeim tilvikum sem vísað er í alþjóðlega staðla í gátlistum sem fylgja gæðaeftirlitsreglum nr. 771/2012 eru sterkar líkur á að um sé að ræða atriði sem ágreiningslaust geta talist til góðrar endurskoðunarvenju í skilningi bráðabirgðaákvæðis II laga nr. 79/2008. Ráðið telur ennfremur að þau atriði sem gæðaeftirlitið beinist að séu þess eðlis að þau eigi sér ekki einungis stöð í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum heldur jafnframt eigi þau sér

stoð í settum lögum, siðareglum eða teljist til góðrar endurskoðunarvenju er hafi myndast hér á landi með áralangri framkvæmd á vegum Félags löggiltra endurskoðenda.

Endurskoðendaráð hefur nú fjallað um mál yðar vegna niðurstöðu gæðaeftirlits 2012. Í skýrslu um gæðaeftirlitið, dags. 20. mars 2013, kemur fram að endurskoðunarverkefni það sem gæðaeftirlitsmenn tóku til skoðunar hafi verið ársreikningur A og var ársreikningurinn áritaður af yður með fyrirvaralausri áritun. Skýrslu um gæðaeftirlitið fylgdu athugasemdir yðar við einstök atriði skýrslunnar. Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 9. september 2013 voruð þér upplýstur um að ráðið telji að alvarlegar athugasemdir hafi komið fram í skýrslu um niðurstöðu gæðaeftirlits 2012 og yður gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum áður en endurskoðendaráð tæki ákvörðun um framhald málsins. Andmæli bárust frá yður með bréfi dags. 15. október 2013.

Þau atriði sem endurskoðendaráð telur að gera verði alvarlega athugasemdir við vegna þess gæðaeftirlits sem framkvæmt var hjá yður, lúta að eftirfarandi atriðum:

- Formlegt áhættumat var ekki framkvæmt.
- Formleg mikilvægismörk voru ekki ákvörðuð.
- Engin formleg skráning átti sér stað á endurskoðunarvinnu.
- Skjalfest lágmarks gagnaendurskoðun var ekki framkvæmd.
- Ekkert var skráð um mat á rekstarhæfi.
- Ekki var kallað eftir staðfestingarbréfi stjórnenda.
- Hvorki var til staðar endurskoðunarskýrsla né minnispunktar um að farið hafi verið yfir niðurstöður endurskoðunar með stjórn.
- Áritun endurskoðanda, en hún er í veigamiklum atriðum frábrugðin því sem alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar kveða á um.

Rökstuðningur

Eins og nánar verður gerð grein fyrir telur endurskoðendaráð að við gæðaeftirlit hjá yður hafi komið í ljós verulegir annmarkar í skilningi 1. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Hér á eftir er fjallað um þær alvarlegu athugasemdir sem endurskoðendaráð telur að komið hafi fram við gæðaeftirlit hjá yður auk þess sem helstu atriða úr athugasemdum yðar verða rakin. Umfjöllunin er í samræmi við kaflaskil skýrslunnar og vísað er í alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA):

Áhættumat

Alvarlegar athugasemdir: Formlegt áhættumat var ekki framkvæmt. Formleg mikilvægismörk voru ekki ákvörðuð.

Helstu athugasemdir yðar: Þér vísið til þess að þegar gæðaeftirlitið fór fram, hafi útfylltur listi legið frammi varðandi samþykki og áframhaldandi viðskiptasamband þar sem komi fram hvert sé áhættumat yðar á ákveðnum þáttum í starfseminni, en um aðrar áhættur væri yður ekki kunnugt um. Að því er varðar formleg mikilvægismörk fallist þér á að ekkert hafi verið skráð um hver mikilvægismörk væru, en þar sem verkefnið hafi ekki verið stórt í sniðum, hafi einfaldlega verið skilið við alla liði reikningsskilanna þannig að þeir væru réttir, miðað við þær upplýsingar sem voru til staðar á uppgjörsdegi.

Umsögn endurskoðendaráðs: Endurskoðun samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum og þar með góðri endurskoðunarvenju er áhættugrunduð. Taka ber tillit til áhættu við undirbúning, skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar eins og fram kemur m.a. í ISA 300 (skipulagning endurskoðunar), ISA 315 (mat á verulegri áhættu), ISA 320 (mikilvægi við skipulagningu endurskoðunar) og ISA 330 (viðbrögð endurskoðanda við áhættu). Með hliðsjón af þessum stöðlum verður ekki hjá því komist að krefjast þess að þó að endurskoðun beinist að smærra verkefni hafi endurskoðandi skráð í vinnugögn sín að áhætta hafi verið metin með þeim hætti sem staðlarnir gera ráð fyrir eftir því sem við á. Þér hafið ekki uppfyllt þessar kröfur.

Framkvæmd endurskoðunar

Alvarlegar athugasemdir: Engin formleg skráning átti sér stað á endurskoðunarvinnu. Skjalfest lágmarks gagnaendurskoðun var ekki framkvæmd.

Helstu athugasemdir yðar: Þér teljið að líta verði til stærðar félagsins sem um ræðir varðandi það hvort rétt sé að gera endurskoðunaráætlun eða skrá nákvæmlega hvað gert var, en í umræddu verkefni hafi allt verið skoðað og allar villur leiðréttar. Þá bendið þér á að fylgiskjöl bókhaldsins hafi verið merkt af yður fyrir skráningu og hafi þá hvert einasta fylgiskjal verið skoðað.

Umsögn endurskoðendaráðs: Skráning og varðveisla endurskoðunargagna er einn af mikilvægustu þáttum endurskoðunar eins og fram kemur í staðlinum ISA 230 (skráning endurskoðunar) og staðli ISA500 (endurskoðunargögn). Endurskoðun ber að skrá með þeim hætti að séð verði hvernig endurskoðandi komst að rökstuddri niðurstöðu sem fram kemur í áritun á ársreikning. Í siðareglum endurskoðenda, sbr. ákvæði 290.171, kemur skýrt fram að skráning og færsla bókhalds geti falið í sér sjálfsmatsógnun. Slíkt réttlætir því ekki að engin skráning sé framkvæmd á endurskoðunaraðgerðum. Þér hafið ekki gætt að þessum tilmælum.

Lok endurskoðunar

Alvarlegar athugasemdir: Ekkert var skráð um mat á rekstrarhæfi. Ekki var kallað eftir staðfestingabréfi stjórnenda.

Helstu athugasemdir yðar: Í athugasemdunum kemur fram að þér teljið enga nauðsyn að skrá neitt sérstaklega um rekstrarhæfi félagsins, enda væri það skoðun yðar að félagið væri vel rekstrarhæft og útilokað miðað við eignastöðu þess að félagið fari í prot. Að því er varðar staðfestingarbréf stjórnar kemur fram að þér séuð lítið fyrir að leggja bréf fyrir stjórnendur til að firra endurskoðanda ábyrgð ef fram koma alvarlegar villur í reikningsskilum sem hann hefur sjálfur samið.

Umsögn endurskoðendaráðs: Sú krafa er gerð til endurskoðenda að skrá með hvaða hætti endurskoðun fór fram. Endurskoðanda ber að huga að rekstrarhæfi samkvæmt ISA 570 (rekstrarhæfi). Þá ber endurskoðenda að leita eftir staðfestingarbréfi stjórnenda samkvæmt ISA 580 (skrifleg staðfesting). Þér hafið ekki gætt að þessum tilmælum.

Skýrslugjöf vegna endurskoðunar

Alvarlegar athugasemdir: Hvorki til staðar endurskoðunarskýrsla eða minnispointar um að farið hafi verið yfir niðurstöður endurskoðunar með stjórn.

Helstu athugasemdir yðar: Þér staðfestið að endurskoðunarskýrsla hafi ekki verið samín, en farið hafi verið yfir reikningsskilin með formanni félagsins, en ekki hafi verið um að ræða alvarlegar athugasemdir vegna endurskoðunarinnar.

Umsögn endurskoðendaráðs: Sú krafa er gerð til endurskoðenda að draga saman heildarniðurstöður endurskoðunar (ISA 450) og jafnframt að kynna stjórnendum niðurstöður endurskoðunar og eða ábendingar, ef um þær er að ræða, varðandi innra eftirlit (ISA 260, ISA 265). Þér hafið ekki gætt að þessum tilmælum.

Áritanir

Alvarleg athugasemd: Vísað er til góðrar endurskoðunarvenju en ekki alþjóðlegra endurskoðunarstaðla. Þá er áritunin í veigamiklum atriðum frábrugðin því sem alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar kveða á um.

Helstu athugasemdir yðar: Fram kemur í athugasemdum yðar að þér lítið svo á að lög um endurskoðendur kveði ekki á um að endurskoða beri í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Þér teljið að áritunin segi allt sem segja þarf og að þér standið að öllu leyti við það sem þar komi fram og snúi að vinnu yðar.

Umsögn endurskoðendaráðs: Í 11. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur er gerð krafa um að áritun á endurskoðaðan ársreikning sé í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Í áritun skal gera grein fyrir þeim reglum sem gilda um reikningsskilin, ábyrgð stjórnar og endurskoðenda og álit endurskoðanda á því hvort ársreikningurinn veiti glögga myndi í samræmi við þær reglur sem um hann gilda.

Með athugasemdum yðar hafið þér ekki hnekkð þeim alvarlegu athugasemdum sem fram koma í umræddri skýrslu um gæðaeftirlit 2012. Framangreindar athugasemdir eru að verulegu leyti þær sömu og komu fram í skýrslu um gæðaeftirlit 2011. Til viðbótar kemur ekkert fram í andmælabréfi yðar um að þér hyggist taka tillit til þeirra ábendinga sem vísað er til í skýrslunni.

Endurskoðendaráð telur sýnt að þér hafið í störfum yðar brotið gegn þeim ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðendur sem lúta að endurskoðun í samræmi við góða endurskoðunarvenju eins og hún er skilgreind í bráðabirgðaákvæði II, þ.e. 9. gr. og 11. gr. laganna. Þá telur ráðið einnig að háttsemi yðar varði við 1. mgr. 8. gr. laganna sem kveður á um að endurskoðandi skuli rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum laga og reglna sem um störf hans gilda. Í þessu sambandi bendir endurskoðendaráð á að samkvæmt lögum nr. 79/2008 er endurskoðun:

„Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur og önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.“

Í kjölfar gæðaeftirlits 2011 var yður veitt áminning vegna alvarlegra athugasemda sem fram komu í skýrslu um niðurstöður gæðaeftirlits þess árs. Í áminningunni fólust jafnframt tilmæli um að þér bættuð vinnubrögð yðar þannig að þau samrýmdust viðurkenndum endurskoðunaraðferðum, sem talin eru felast í góðri endurskoðunarvenju og fylgni við önnur ákvæði laga nr. 79/2008, sem og siðareglur félags löggiltra endurskoðenda. Þar sem yður hafði ekki borist niðurstaða gæðaeftirlits ársins 2011 þegar framkvæmd var endurskoðun á endurskoðunarverkefni því sem tekið var til skoðunar árið 2012, þykir endurskoðendaráði rétt að gefa yður kost á úrbótum áður en ráðið hyggst grípa til alvarlegri úrræða samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008.

Endurskoðendaráð veitir yður því hér með áminningu vegna fjölda ítrekaðra alvarlegra athugasemda, sem fram komu við gæðaeftirlit ársins 2012. Ráðið vekur jafnframt athygli yðar á því að hafið þér ekki orðið við tilmælum ráðsins um úrbætur þegar gæðaeftirlit hjá yður verður framkvæmt að nýju, kemur til álita að leggja til við ráðherra að réttindi yðar verði felld niður á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008.

Það tilkynnist yður að endurskoðendaráð hefur ákveðið með vísan til niðurstöðu í gæðaeftirliti hjá yður, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 771/2012 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda, að þér sætið endurteknu gæðaeftirliti árið 2014 vegna ársins 2013.

